

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Sent á netfangið nefndarsvid@althingi.is

Reykjavík 6.apríl 2022

Efni: Umsögn Sven ehf. um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr.87/2018, um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikótínvörur) - 450. mál

Vísað er til tölvupósts nefndarsvið Alþingis, dags. 23.mars sl., þar sem Sven ehf. er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, nr. 87/2018 (nikótínvörur), 450. mál.

Félagið skilaði umsögn dags. 31. janúar 2022 inní samráðsgátt stjórnvalda þegar frumvarpið var enn til vinnslu í heilbrigðisráðuneytinu.

Inngangur

Ekki virðist mikið hafa unnist í frumvarpinu síðan þá og hefur það tekið ótrúlega litlum breytingum og veltir félagið því fyrir sér við lestur núverandi frumvarps hvort að það sé vegna tímaleysis og að tilgangur með frumvarpinu sé að setja lög bara til að setja lög. Ljóst er við lestur frumvarpsins að uppá vantar á þekkingu hjá þeim sem ritar það á þeirri vöru sem verið er að setja lög um.

Í fyrsta lagi þykir undirrituðum einkennilegt að það sé verið að skeyta nikótínþúðum/vörum við lög um rafrettur þar sem um gríðarlega ólíka vöru er um að ræða. Fram kemur meðal annars í greinargerð við frumvarpið að nikótín sé unnið úr tóbaki, sé krabbameinsvaldandi og að rannsóknir sýni að notkun rafrettna geti leitt til reykinga og vísað er til umsagnar Krabbameinsfélags Íslands. Nikótínið sem er í þeim nikótínþúðum sem að Sven ehf. selur í sínum verslunum er samskonar og er í nikótínbyggjói og liggja ekki fyrir neinar rannsóknir sem sýna að fram á að slíkt nikótín sé krabbameinsvaldandi. Hinsvegar eru ótal rannsóknir sem sýna fram á að tóbak sé krabbameinsvaldandi. Eins og gefur að skilja er gríðarlega mikilvægt að greinarmunur sé gerður á tóbaki annars vegar og nikótíni hinsvegar. Einnig er vert að benda á að engar rannsóknir sýna fram á að notkun nikótínþúða geti leitt til reykinga líkt og rafrettur og því óskiljanlegt að vísa til þess þegar rætt er um notkun á nikótínþúðum. Það virðist sem að nikótínþúðar séu settir undir sama hatt og rafrettur og áfyllingar sem er afar einkennilegt þar sem að um mjög ólíkar vörur er að ræða. Staðreyndin er sú að í nikótínþúðum eru einungis efni sem notuð eru í matvæli auk nikótíns, sem öllum er ljóst að er ávanabindandi. Það liggur fyrir að yfir 40% þjóðarinnar notar niktótín og myndi maður þá ætla að betra væri að fólk notaði nikótínvörur sem ekki eru krabbameinsvaldandi líkt og sigarettur og ekki vörur þar sem liggur á huldu hver innihaldsefnin eru líkt og í áfyllingum á rafrettum.

Félagið hvetur háttvirta þingmenn sem löggjafarvald til þess að kynna sér þær vörur sem að lagasetningin snýr að og að taka upplýsta ákvörðun um þær takmarkanir sem settar eru og tilgang lagasetningarinnar.

Athugasemdir við frumvarp

Sven ehf. sem rekur sérvörslanir með nikótínþúðum á Íslandi. Félagið telur mikilvægt að skýr lagarammi sé settur um nikótínvörur og að 18 ára aldurstakmark sé lögfest hvað varðar notkun á slíkum vörum sem eru ávanabindandi og tryggt sé eftir fremsta megni að slíkar vörur séu ekki seldar til barna.

Félagið vill koma á framfæri nokkrum athugasemdum við frumvarpið.

Skilgreining á nikótínvörum

Fram kemur að vara teljist nikótínvara burtséð frá því hvort að hún innihaldi tóbak eða ekki. Félagið vill gera athugasemd við að nikótínþúðar séu skilgreindir á sama hátt og vörur sem innihalda tóbak. Mikill munur er á þessum vörum og því ættu þær ekki að vera skilgreindar með sama hætti. Nikótínþúðar sem seldir eru í verslunum Svens, innihalda einungis efni sem eru í matvælum auk nikótíns, ekkert tóbak er í vörunum.

Vegna mikillar fræðslu og forvarna síðastliðin ár um notkun tóbaks er flestum landsmönnum ljóst að inntaka tóbaks í einhverju formi sé gríðarlega skaðleg og getur valdið ótal lífshættulegum sjúkdómum. Nikótínvörur með tóbaki innihalda t.d. efnið TSNA sem er eitt af þeim efnum í tóbaki sem hefur verið sannað að sé krabbameinsvaldandi.¹

Nikótínþúðar án tóbaks innihalda ekki efnið TSNA, því er mjög mikilvægt að gerður sé greinarmunur á milli vara sem innihalda eingöngu nikótín og þeirra sem innihalda einnig tóbak og eðlilegast væri að nikótínþúðar án tóbaks væru skilgreindir sérstaklega.

Samkvæmt könnunum sem félagið hefur látið gera af Prósent (áður Zenter) eru um og yfir 40% landsmanna yfir 18 ára sem nota nikótín í einhverju formi, og yfir helmingur af þeim sem nota nikótín með tóbaki eða rafrettur. Þó að ljóst sé að nikótín sé mjög ávanabindandi efni þá eru engar rannsóknir sem sýna fram á að nikótín eitt og sér valdi neinum sjúkdómum eða sé krabbameinsvaldandi líkt og tóbak. Út frá heilbrigðissjónarmiðum væri ákjósanlegast að notkun á nikótínvörum með tóbaki væri sem minnst og þá sérstaklega þær þar sem inntakan er í gegnum lungun. Má í því samhengi benda á rannsókn sem framkvæmd var af John Hopkins háskólaskjúkrahússins þar sem meðal annars kemur fram að í veipvökva eru þúsundir innihaldsefna sem ekki er búið að rannsaka og áhrif þeirra. Einnig kemur fram að við rannsóknir á innihaldsefnum rafrettuvökva að meðal þeirra efna sem var hægt að greina voru efni sem innhéldu m.a skordýraeitur og bragðefni sem geta haft í för með sér ertingu í öndurnarfærum².

Auglýsingar og sýnileiki í sérvörverslunum.

Í frumvarpinu segir að sérvörslunum sé heimilt að hafa vöruna sýnilega þegar inni verslun er komið. Það skýtur skökku við lagðar séu ríkari kröfur á sérvörslanir með nikótínvörur en ríkisverslun sem selur áfengi sem einnig er ávanabindandi vara og sýnt hefur verið fram á töluvert meiri skaðsemi, fyrir líkamlega og andlega heilsu fólks. Ekki er gerð krafa á áfengisverslun ríkisins að hafa sýnar vörur ekki sýnilegar inn um

¹ <https://www.verywellmind.com/what-are-tsna-carcinogens-in-cigarettes-4121189>

² <https://hub.jhu.edu/2021/10/07/vaping-unknown-chemicals>

glugga verslana. Leggur félagið til að meðalhófs sé gætt í lagasetningu hvað þetta varðar og ekki gengið lengra með takmörkun á sýnileika í sérvöruverslunum með nikótínvörum en sérvöruverslunum með áfengi.

Tilfni er til þess að benda á að það skýtur einnig skökku við að verið sé að leggja til takmarkanir á auglýsingum og sýnileika á nikótínþúðum þegar sýnileiki á orkudrykkjum sem innihalda gríðarlegt magn koffíns er í stæðum inni verslunum á áberandi stöðum og engar reglur eða takmarkanir á því hvernig þessir drykkir eru auglýstir, þrátt fyrir það liggi fyrir hve skaðleg of mikil koffinneysla hefur almennt á svefn og heilsu sérstaklega hjá ungmennum. Erfitt er að sjá að slík vara sé til staðar til að „leysa“ eða að aðstoða til að leysa vandamál í þjóðfélaginu sem vitað er að skaðar heilsu líkt og nikótínþúðar geta gert og hafa gert sem raunverulegt val frá sígarettum, íslensku neftóbaki og veipi. Nikótínþúðar án tóbaks hafa nýst mörgum til þess að hætta að nota neftóbak í vör, reykja og veipa, líkt og nikótínsprey og tyggjó.

Að lokum vill félagið ítreka að það tekur undir að nauðsynlegt sé að setja lagaramma í kringum sölu á nikótínþúðum. Hinsvegar þarf að gera skýran greinarmun á vörum sem innihalda tóbak og á nikótínþúðum án tóbaks líkt og rakið hefur verið hér að ofan.

F.h. Sven ehf.

Kristján Ragnar Kristjánsson, stjórnarformaður
kristjan@svens.is